


Korpa 2018

Það er óhætt að segja að sumarið í Korpu hafi verið nokkuð gott. Skráðir voru til bókar 236 laxar og 24 silungar. Teljarinn taldi 591 fiska af bæði lax og sjóbirting. Sem er talsvert betra en í fyrra þegar teljarinn fór í 295 fiska.

Góð vatnsstaða var lengst af í Korpunni í sumar og kemur það vel í ljós þegar rýnt er í tölurnar. Af þeim 236 löxum sem veiddust í sumar þá komu 130 á flugu og 106 á maðk. Tveir 72 cm laxar voru skráði í bókina sem voru þeir stærstu í sumar.



Laxinn hefur greinilega átt auðvelt með að ganga upp á mið og efra svæðið í þessu góða vatni þar sem veiðin þar var best. Sérstaklega í Stíflunni þar sem veiddust 83 laxar sem er mögnuð tala.

Bestu veiðistaðirnir 2018

